
LISTIR



Morgunblaðið/Þorkell

BLÁMI heitir sýning Einars Garibalda Einarssonar í miðrými Kjarvalsstaða.

Blámi Einars Garibalda

SÝNING á verkum Einars Garibalda Einarssonar, sem heitir Blámi, verður opnuð í miðrými Kjarvalsstaða á morgun, laugardag.

Einari Garibalda eru hugleikin þau margvíslegu tákn sem við notum í umhverfi okkar og samband þeirra við það sem þeim er ætlað að tákna, segir í kynningu Kjarvalsstaða. List hans er íbyggin athugun á táknkerfum okkar og vekur spurningar um hvað stendur að baki táknunum og merkingu þeirra í huga manna.

Á þessari sýningu fæst hann við ákveðin tákn menningar okkar og þá stöðu sem tákngervingur ístenskrar myndlistar, Jóhannes S. Kjarval, hefur í huga okkar. Hann tekst á við táknmynd Kjarvals af innsæi og virðingu með því að nota eigin viðhorf og verklag til að skilgreina stöðu brautryðjandans í huga yngri kynslóðar í myndlistinni. Táknmynd Kjarvals lifir góðu lífi í kringum okkur og hefur til dæmis samlagast þeirri gullnu mynd sem þjóðin hefur lengi gert sér af sögustaðnum og náttúruperlunni Þingvöllum.

Það er athyglisvert að skoða sýningu Einars Garibalda á sama tíma og sýnd eru mörg af helstu verkum Kjarvals á Kjarvalsstöðum. Sýningunni lýkur 14. mars.

HAPPDRÆTTI das Þeir fiska sem róa Das 48

Vinningaskrá

33. útdráttur 7. janúar 1999.

Bifreiðavinningur

Kr. 2.000.000 Kr. 4.000.000 (tvöfaldur)

14004

Ferðavinningur

Kr. 100.000 Kr. 200.000 (tvöfaldur)

8138	32240	34045	35984

Ferðavinningur

Kr. 50.000 Kr. 100.000 (tvöfaldur)

3530	20408	25529	37905	56585	62855
10340	22149	34912	49132	58647	70789

Húsbúnaðarvinningur

Kr. 10.000 Kr. 20.000 (tvöfaldur)

1524	13894	26251	34661	43821	54756	63319	75968
2605	16375	26496	34855	44309	55189	65118	75975
2772	16609	28532	35504	44674	55653	65224	76299
3281	17963	28872	35750	45203	56667	65921	76699
3306	18752	29807	36452	45599	58377	67567	77665
5858	19324	32332	36457	46916	58484	70232	78874
6291	19351	32628	37309	47059	58645	70261	79238
7610	19571	32688	38488	49761	59323	70476	79610
8335	20094	32720	41280	51691	59524	70908	79695
10223	20862	32821	41726	51877	60454	71127	
12587	20972	33059	41739	52233	61159	71844	
13298	22112	33397	42444	52739	61183	74761	
13596	24965	33767	42618	54116	62803	75186	

Húsbúnaðarvinningur

Kr. 5.000 Kr. 10.000 (tvöfaldur)

739	11884	22122	34698	42007	53313	63760	72108
817	11941	22380	34795	42593	53691	63773	72589
853	11994	22449	34862	42675	54173	64149	72598
883	12540	22723	34885	42723	54386	64484	73521
1106	13092	22735	35040	43024	54531	64658	73870
1631	13196	23203	35334	44247	54652	65325	74103
1744	13389	23532	35463	44715	54782	65507	74255
2421	13796	23923	35695	44992	54989	65792	74500
2478	13839	24034	35809	45091	55104	66278	74710
2680	14088	24496	35892	45174	56678	66561	74762
2991	14188	24587	36753	45191	56696	66822	74931
3443	14236	25228	36819	45277	57540	67230	75540
3741	14665	25312	36847	45593	57750	67261	76078
3923	15530	25661	36853	45762	57754	67461	76242
4905	15800	26078	37149	46349	57858	67466	76288
5263	16139	26321	37447	46362	57958	67857	76372
5516	17312	26449	38075	46912	58106	68020	76406
5798	17372	26686	38169	47911	58362	68530	76747
6251	17837	28397	38239	48302	58584	69110	76945
6574	18238	29422	38336	48565	59043	69287	77163
6671	18408	30456	38796	48907	59495	69315	77622
7340	18742	31772	39113	49488	59611	69344	78276
7482	20160	32328	39892	49525	59871	69902	78856
7556	20239	33040	39982	50079	60442	70058	79024
7846	20927	33538	40180	50841	60609	70153	79188
7959	20938	33574	40324	51332	60667	70225	79247
8013	21081	33590	40361	51368	61325	70712	
8539	21170	33756	40494	51369	61441	70726	
9133	21637	33816	40622	51800	61744	71325	
10204	21697	33987	41032	52756	62089	71404	
10785	21949	34083	41617	52860	63305	71614	
11177	21953	34397	41660	53051	63535	71809	

Næstu útdrættir fara fram 14. janúar, 21. janúar & 28. janúar 1999
Heimasíða á Interneti: www.itn.is/das/

„Hver andskotinn er þetta Honolúlú?“

TÓNLIST

Iðnó

KAMMERTÓNLEIKAR

Þórunn Guðmundsdóttir sópran, Ólafur Kjartan Sigurðarson barítón, Hallfríður Ólafsdóttir flauta, Eydís Franzdóttir óbó, Ármann Helgason klarinetta, Kristín Mjöll Jakobsdóttir fagott, Einar St. Jónsson trompett og kornett, Bryndís Pálsdóttir fiðla, Greta Guðnadóttir fiðla, Herdís Jónsdóttir víóla, Bryndís Björgvinsdóttir selló, Hávarður Tryggvason bassi, Steef van Oosterhout slagverk, Helga Bryndís Magnúsdóttir píanó og Kristinn Örn Kristinsson píanó fluttu tónlist eftir Francis Poulenc. Guðmundur Óli Gunnarsson stjórnaði. Miðvikudagskvöld kl. 20.30.

Í GÆR (7. janúar) var öld liðin frá fæðingu franska tónskáldsins Francis Poulencs. Íslenskir tónlistarmenn með Eydísi Franzdóttur óbóleikara í fararbroddi hafa ákveðið að heiðra minningu tónskáldsins með eilítilli Poulenc-hátíð, á fernum tónleikum í Iðnó nú í janúarmánuði. Fyrstu tónleikarnir voru í fyrrakvöld, og voru þar flutt sex kammerverk, Fjögur lög við ljóð eftir Max Jacob frá 1921, Sónata fyrir klarinettu og fagott frá 1922, endursamin 1945, sönglagið Vegir ástarinnar frá 1940, Rapsodie nègre frá 1917, endursamin 1933, Dýravísur, eða Heiðursfylgd Orfeifs frá 1919, og loks Grímudansleikur frá 1932.

Það stafar gleði og yndi frá tónlist Poulencs. Fá tónskáld hafa átt jafn auðvelt með að miðla einskærri lífsnautn í tónlist sinni og hann. Hann átti þó líka sínar alvörugefnu hliðar, trúarleg tónlist hans er til marks um það. Það virðist óralangt á milli hinna íhugulu kórmótettna Poulencs og „galskaparins“ og ærslanna sem heyra mátti í verkunum á þessum tónleikum, en er þó ekki; hvort tveggja er þrungið sömu lífsnautninni.

Þórunn Guðmundsdóttir söng Fjögur lög við ljóð Max Jacobs og með henni léku Hallfríður Ólafsdóttir, Eydís Franzdóttir, Ármann Helgason, Kristín Mjöll Jakobsdóttir og Einar St. Jónsson. Það var strax áberandi hversu fínn og samæfður þessi hópur tónlistarmanna er orðinn. Flutningur verksins var skínandi góður. Þórunn Guðmundsdóttir söng prýðilega, en hefði mátt kjamsa enn betur á unaðslega absúrd textanum, sem einkennist af skemmtilegum orðaleikjum og bull-rími. Þau Ármann og Kristín Mjöll léku Sónötu fyrir klarinettu og fagott, og gerðu það frábærlega. Klarinettan var í aðalhlutverki í mörgum dásamlegum „poulencískum“ laglínum – fagottið lék á móti í skemmtilegum kontrapunkti – stundum í seiðandi pedalpunkti. Samspil þeirra var glæsilegt. Vegir ástarinnar er eitt kunnasta sönglag Poulencs – heyrist oftast í útsetningu fyrir söngrödd og píanó, en var hér flutt í salonútsetningu; fyrir sópran, klarinettu, fagott, fiðlu, kontrabassa og píanó. Þetta ljúfa lag er mettað nostalgíu, þrá og ljúfsárum minningum um dásemdir horfins unaðar. Þetta er lag kaffihúsanna, lag Parísar, lag ástarinnar. Þótt ekkert vantaði á raddlega færni Þórunnar í flutningi lagsins, þá vantaði samt kjarnann – sársaukann og þrána. Söngurinn var of sléttur og snurðulaus, hreinlega of fágaður. Það hefði verið betra að sleppa nótnabókinni og láta vaða, svo maður fengi að trúa því að þessar heitu tilfinningar væru sannar, eitt augnablik.

Rapsodie nègre er eitt af æskuverkum Poulencs; hann var sautján ára þegar hann samdi það og hafði ekki enn hafið formlegt tónsmíðanám. Þetta er kammerverk með söng, byggðum á ljóðinu Honoloulou sem sagt var eftir Makoko Kangourou frá Madagaskar, en var trúlega eftir einhvern grínista á kaffihúsum Parísarborgar – kannski bara Poulenc sjálfan. Poulenc hafði þá nýverið komist í kynni við tónskáldið Erik Satie og tileinkaði honum verkið. Þá gafst honum færi á að hitta Paul Vidal, sem var tónsmíðakennari við Konservatoríið í París, og hugðist hann sýna Vidal verkið til marks um hæfileika sína og í von um að fá inngöngu í skólann. Í sendibréfi til píanókennara síns, Ricardos Vines, rekur Poulenc samskipti þeirra Vidals vegna Rapsódíunnar. Þar segir Poulenc: „... Í fyrstu var Vidal mjög vinalegur og spurði mig hjá hvaða kennurum ég hefði verið, en svo rétti ég honum handritið að Rapsodie nègre. Hann skoðaði það gaumgæfilega, hrukkaði ennið, ranghvolfdi augunum í bræði þegar hann sá tileinkunina til Satie, stóð upp og æpti á mig nákvæmlega þessi orð: „Þetta verk þitt er ömurlegt, það er fáránlegt og tóm þvæla. Þú ert að gera grín að mér; hér eru samstígar fimmundir út um allt og hver andskotinn er þetta Honolúlú eiginlega? Ég sé að þú ert í slagtogi við Stravinskíj, Satie og þá félaga, – jæja góði, vertu sæll og góða nótt!“ og hann nánast henti mér út úr húsinu.“ Þessari fyrstu krítík á verk Poulencs tókst sem betur fer ekki að ganga af því dauðu. Eldri og reyndari félögum tónskáldsins unga tókst að stappa í hann stálinu og koma honum til mennta í tónsmíðum þrátt fyrir þetta. Rapsodie nègre er svosum engin völundarsmíð, en hún ber í sér þennan lífsþrótt og einlæga kátínu sem einkennir mörg verk tónskáldsins. Ólafur Kjartan Sigurðarson söng með kammersveitinni og fór á kostum í „ljóðinu“ Honolúlú og setti upp fjaðrað höfuðfat til að undirstrika gleðina. Eftir inngang á óræðu tungumáli tekur við þrástef á hnígandi tónaröðinni sofa-mí-re, endurtekið stöðugt, á orðinu Ho-no-lú-lú, yfir fjörugum leik kammersveitarinnar. Hljómsveitin lék af mikilli gleði og var þýður pínóleikur Kristins Arnar í Ronde-þættinum sérstaklega hrífandi.

Þórunn söng með kammersveitinni skemmtilegar Dýravísur, sem bera undirtitilinn Heiðursfylgd Orfeifs. Þetta er enn eitt gleðiverkið af hendi tónskáldsins, samið við eigin ljóð um dýrin. Stíll ljóðanna er „naív“ og einlæglega barnslegur, tónskáldið vart komið af unglingsaldri þegar verkið var samið. Þetta er heillandi tónlist, þar sem tónskáldið reynir á ýmsa lund að sviðsetja ljóðin og búa dýrunum umhverfi í tónum; Úlfaldaljóðið var seiðandi með arabískum undirtóni en lokaljóðið, Vatnakarfinn, sem sindrandi og dularfull undirdjúpin. Verkið var ákaflega fallega flutt. Lokaverkið á efnisskránni var Grímudansleikur, fyrir baríton og kammersveit. Hér var leikgleðin enn í fyrirrúmi og margt afar fallega gert. Hér fengu hljóðfæraleikararnir nokkurt svigrúm sumir hverjir til að láta ljós sitt skína. Leikur Helgu Bryndísar á píanóið var sérstaklega glæsilegur, sem og leikur nöfnu hennar Bryndísar Pálsdóttur á fiðluna í hinum þokkafulla miðkafla Bagatelle og Ármann Helgason var í miklu stuði á klarinettuna. Á engan er hallað þótt Ólafur Kjartan verði enn nefndur sem senuþjófur. Söngur hans hér var stórskemmtilegur; hann var mátulega hrjúfur fyrir grótesk ljóðin og umfram allt músíkalskur í túlkun sinni. Þetta var glæsilegur endapunktur á fyrstu tónleikum Poulenc-hátíðar, sem sannarlega lofar góðu.

Bergþóra Jónsdóttir